



**Minnisblað til heilbrigðisnefndar Alþingis**

**Alþingi**

**Fjárveitingar á árinu**

**Erindi nr. P 133/93**

**komudagur 6.11. 2006**

**Verðlag**

Verulega skortir á að forsendur fjárlaga um verðlag séu í samræmi við verðlagsþróun eins og hún kemur fram í starfsemi stofnunarinnar.

**Verkefni**

Tvær nýjar læknisstöður, en ekki fylgir fé til samræmis í hjúkrun eða stoðþjónustu.

Veitt er fé til geðheilbrigðisþjónustu barna.

Veitt er 200 m.kr. til aukningar heimahjúkrunar á landsvísu.

**Uppbygging heilsugæslustöðva**

Sjá sérstakt minnisblað.

**Nýjar heilsugæslustöðvar á árinu**

**Heilsugæslan Glæsibæ (Vogum og Heimum)**

**Heilsugæslan Fjörður (Hafnarfirði, miðbæ)**

**Heilsugæslan Hamraborg – stöðin í Fannborg fluttist í nýtt húsnæði að Hamraborg 8.**

**Næst**

**Heilsugæslan Árbæ – auglýsing eftir nýju húsnæði hefur dregist mjög en mun vera væntanleg á næstu dögum. Nýtt húsnæði gæti þá verið tilbúið í lok næsta árs.**

**Læknis- og hjúkrunarþjónusta**

Mikil framför varð í þjónustu við tilkomu tveggja nýrra heilsugæslustöðva í Glæsibæ í Reykjavík og í Firði í Hafnarfirði. Enn er þó þörf fyrir fleiri stöður lækna og hjúkrunarfræðinga.

**Nýjungar í þjónustu á árinu**

**Aðgerðir til að bæta þjónustu við börn og ungmenni með geðraskanir**

Heilbrigisráðherra kynnti nýlega aðgerðir með þessari yfirskrift. Hluti þessara aðgerða snýr að heilsugæslunni, en á höfuðborgarsvæðinu bætast við 6 nýjar stöður sálfræðinga, 4 skiptast á heilsugæslustöðvar á svæðinu til eflingar frumþjónustu, og 2 verða á Miðstöð heilusverndar barna – hinar síðar nefndu hafa þegar verið auglýstar. Verða þær nýttar til að efla greiningarteymið, þannig að það nái einnig til skólabarna. Verið er að kanna hvort sveitarfélögin á svæðinu geta lagt á móti heilsugæslunni, svo unnt verði að efla enn frekar þjónustu heilsugæslustöðvanna á þessu sviði en ella. Áhersla er lögð á að sálfræðingar sem ráðast til heilsugæslustöðvanna verði hluti af þverfaglegu teymi á hverri stöð, þar sem einnig komi læknar, hjúkrunarfræðingar, og eftir atvikum iðjuþjálfar og félagsráðgjafar.

Af 15 heilsugæslustöðvum sem starfræktar eru af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er viðhöfð teymisvinna á 7 stöðvum. Að teymisvinnu koma bæði læknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, félagsráðgjafi, iðjuþjálfar og sálfræðingur.

## **Heilsugæsla í skólum, aukin þjónusta við langveik börn**

Auglýst hefur verið eftir geðhjúkrunarfræðingi í nýja 100% stöðu sem mun sinna hjúkrunarþjónustu við börn í sérskólum á svæði stofnunarinnar og vera bakhjarl annarra skólahjúkrunarfræðinga í faglegri hjúkrunarþjónustu við börn með geðraskanir og annan langvinnan heilsuvanda.

## **Sjúkrahústengd heimahjúkrun**

Sérhæfð heimaþjónusta fyrir veika aldraða, í samstarfi Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), hóf störf í byrjun október. Með þjónustunni er leitast við að mæta óskum aldraðra um að geta dvalið lengur í heimahúsi þrátt fyrir veikindi og um leið að færri sjúklingar í hópi aldraðra þurfi að bíða eftir annarri þjónustu. Sérhæft teymi hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, félagsliða, öldrunarlækna, sjúkrahjálfa, iðjuþjálfara og sérfræðings í öldrunarhjúkrun, mun sinna þessari þjónustu. Tilgangur teymisins er að auka þjónustu við fjölveika aldraða og gera þeim kleift að dvelja lengur heima þrátt fyrir veikindi. Meðferð og umönnun sjúklings fer fram heima hjá honum í samvinnu við fjölskyldu og önnur úrræði sem eru í boði fyrir aldraða. Gert er ráð fyrir því að þjónustan nái að jafnaði til 20 sjúklunga á hverjum tíma. Þetta er nýjung í meðferð og eftirfylgd fjölveikra aldraðra. Þjónustunni er hleypt af stokkunum að tilstuðlan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Ráðuneytið bæði hvatti til þessarar nýbreytni og veitti henni fjárhagslegan stuðning.

**Efla á þjónstu í heimahjúkrun með það fyrir augum að gera öldruðum kleift að vera sem lengst heima. Sérstakar áherslur:**

- Á kvöld- og helgarþjónustu og stefnt er að því að næturþjónusta verði á öllu svæðinu.
- Aukið og bætt samstarf við Landspítalann og aðrar stofnanir. Gerðir hafa verið samningar við hjúkrunarheimili um að þau sinni heimahjúkrun við aldraða í næsta nágrenni stofnananna, og um að lækniþjónustu frá Heilsugæslunni inni á stofnunum.
- Áformað er að auka alla heimahjúkrun á næstu árum í samræmi við stefnu heilbrigðisráðherra, „Ný sýn – nýjar áherslur í öldrunarmálum“, og auknar fjárveitingar til heimahjúkrunar.
- Samþætting heimaþjónustu heilsugæslu og félagsþjónustu.

Talsverð hagræðing og bætt þjónusta hefur þegar náðst með samstarfi heimahjúkrunar Heilsugæslunnar og félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Unnið er að því að efla samvinnu við félagsþjónustu sveitarfélaganna á svæðinu enn frekar.

## **Mæðravernd**

Talsverðar breytingar verða á skipulagi mæðraverndar á næstunni. Landspítalinn hefur ákæðið að koma upp móttöku áhættumeðgöngu á Kvennadeild LSH og mun hún taka til starfa 20. nóvember. Það mun leiða til þess að slík móttaka leggst af á Miðstöð mæðraverndar hjá Heilsugæslunni. Jafnframt hefur LSH lagt niður MFS meðgönguþjónustu og flyst sú þjónusta til Heilsugæslunnar og er nú hluti af almennri meðgönguvernd þar. Áfram mun Miðstöð mæðraverndar sjá um rannsóknir, þróunarstarf, fræðslu og stefnumótun, auk faglegrar ráðgjafar og stoðþjónustu við heilsugæslustöðvarnar á sviði mæðraverndar. Þótt fyrrgreind ákvörðun LSH sé

Heilsugæslunni nokkur vonbrigði, verður höfuðáherlsa lögð á að halda sem bestu samstarfi við Landspítalann á sviði mæðraverndar, þótt umfang þess minnki óhjákvæmilega.

### **Rafræn sjúkraskrá**

Með aukinni notkun rafrænnar sjúkraskrár, samræmingu hennar og aukinni samvinnu Heilsugæslunnar og Landspítalans um nýtingu hennar er unnt að stórbæta þjónustu og ná mikilli hagræðingu í heilbrigðiskerfinu. Opinber framlög til þróunar hennar eru þó sorglega lítil.

## **Viðauki: Nokkur atriði til upplýsinga**

### **Unglingamóttaka**

Í stefnumörkun Heilsugæslunnar frá 2002 er eitt markmiðið að efla þjónustu við unglinga (14-18 ára). Meðal leiða sem þar er bent á eru “að efla vitund unglinga um hlutverk heilsugæslunnar og hvað hún hefur upp á að bjóða (fræðsla, stuðningur, meðferð og eftirlit).” Einnig “að koma á fót opinni unglingamóttöku á heilsugæslustöðvum.” Allmargar stöðvar hafa farið þá leið að opna sérstaka unglingamóttöku eina klst. í viku milli kl. 16 og 17 og er aðgangur þangað unglingum að kostnaðarlausu. Fáeinar stöðvar haf tekið þann kostinn að kynna heilsugæsluna sérstaklega fyrir unglingum í 10. bekk grunnskóla. Viðfangsefni þeirra er að tryggja aðgengi unglinga að heilsugæslunni þegar þeir þurfa. Mikilvægt er að allir unglingar hvenær sem þeir leita til heilsugæslunnar njóti sömu kjara. Heilsugæslan hefur áhuga á að komugjöld barna og unglinga verði felld niður en um leið þarf að taka tillit til tekna sem þá tapast við gerð fjárlaga.

### **Heilsugæsla í framhaldsskólum – tilraunaverkefni í MR og Borgarholtsskóla.**

Tilraunaverkefni er í gangi í tveimur framhaldsskólum, Borgarholtsskóla og Menntaskólanum í Reykjavík. Um er að ræða stöðu hjúkrunarfræðings í hlutastarfi í hvorum skóla. Af starfi hennar er ætlunin að draga lærdóm. Ef nægar fjárveitingar fást er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu Heilsugæslunnar að hefja það starf. Það krefst undirbúnings með vinnu við innihaldslýsingu, marklýsingar og öflun mannskaps. Á þremur til fjórum árum gæti slík starfsemi verið vel mótuð. Fyrir slík þjónusta í Menntaskólanum í Kópavogi, Menntaskólanum í Hamrahlíð og í Kvennaskólanum.

### **Samstarf Heilsugæslunnar Grafarvogi og Miðgarðs**

Þegar Miðgarður tók til starfa hér voru settir upp gagnkvæmir stórir kynningarfundir starfsmanna á ýmsum sviðum til miðlunar á upplýsingum um starfsfólk starfsemi og þjónustumarkmið. Þetta auðveldaði frá upphafi nauðsynleg fagleg samskipti um einstök mál sameiginlegra skjólstæðinga.

Sameiginlegur skipulegur vettvangur hafa verið nemendaverndarráðsfundir í skólunum í gegnum þá hjúkrunarfræðinga heilsugæslustöðvarinnar sem vinna í skólunum. Jafnframt hefur sameiginleg vinna að ýmsum verkefnum svo sem forvarnarstarf í Grafarvogi og fíknæfnalaust ísland verið sameiginlega unnin. Heilsugæslan Grafarvogi er nú að vinna að almennu heilsuefingarverkefni fyrir fólk á aldrinum 25-45 ára og hefur hvatt Miðgarð til samráðs og samvinnu að því verkefni. Síðan Meðferðarteymi barna tók til starfa við Heilsugæslustöðina í Grafarvogi í jan 2005 hafa komist á fastir samráðsfundir (3 mánaða fresti) milli teymisins og sál- og

félagsþjónustu Miðgarðs, auk þess sem þverfaglegt samstarf hefur eflst til muna varðandi þjónustu við einstaka sameiginlega skjólstæðinga. Segja má að Meðferðarteymið nái að tengja þessar þjónustustofnanir enn betur saman og gagnast það skjólstæðingum Heilsugæslustöðvarinnar mjög vel. Með tilkomu meðferðarteymisins hér við Heilsugæsluna Grafarvogi má segja að hér sé komin samfelld þjónusta fyrir börn og foreldra þar sem börnin eiga við geðfélagsleg vandamál að stríða geta þá leitað til síns heimilislæknis.

### **Aukin verkefni Heilsugæslunnar og afkoma**

Verkefni Heilsugæslunnar hafa vaxið verulega á undanförunum árum. Nýjar eða stækkaðar heilsugæslustöðvar hafa tekið til starfa. Nýjum verkefnum hefur verið bætt við stöðvarnar, t.d. á sviði geðverndar. Heimahjúkrun hefur verið aukin. Þá hefur heilsugæslunni verið falið að greiða fyrir læknisfræðilegar ferilrannsóknir, sem áður voru á hendi Tryggingastofnunar ríkisins.

Þá hafa orðið verulegar breytingar á einstökum kostnaðarþáttum sem eru utan umráða Heilsugæslunnar. Þannig hækkuðu laun lækna á árinu 2002 um þriðjung, samkvæmt ákvörðun Kjaranefndar. Munar um minna í rekstri heilbrigðisstofnunar sem byggir fyrst og fremst um lækniþjónustu.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur með skýrslu, sem Læknafélag Íslands greiddi fyrir, borið saman kostnað við lækniþjónustu á nokkrum stofnunum sem eru sambærilegar við heilsugæslustöðvar Heilsugæslunnar á höfðuborgarsvæðinu.

Eindregin niðurstaða skýrslunnar var sú að lækniþjónusta Heilsugæslunnar Hlíðum væri mun hagkvæmari heldur en sambærileg þjónusta hjá öðrum sem athugaðir voru. Þá má benda á að síðustu tvö ár var rekstur Heilsugæslunnar vel innan fjárheimilda Alþingis, þótt enn sé uppsafnaður halli fyrri ára um 170 m.kr.

### **Nokkrir helstu áfangar í starfsemi Heilsugæslu höfðuborgarsvæðisins síðustu ár.**

1998 Kjaranefndarúrskurður heilsugæslulækna fara á fastlaunakerfi. Við þessa breytingu færðust launagreiðslur til heilsugæslulækna frá Tryggingastofnun (sem áður greiddi u.þ.b. 30% af launum þeirra) til Heilsugæslunnar.

1999 Ný heilsugæslustöð tekur til starfa í Hvammi í Kópavogi

Nýtt húsnæði Heilsugæslustöðvarinnar í Efstaleiti, stækkun úr 3ja lækna aðstöðu í 6.

Sameining mæðraverndar Heilsugæslunnar og LSH í Miðstöð mæðraverndar, en við þá breytingu fluttist kosnaður frá LSH til Heilsugæslunnar.

Miðstöð heilsuverndar barna fær landshlutverk með ákvörðun ráðherra

Heilsugæslan í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi sameinast undir framkvæmdastjórn Heilsugæslunnar.

2000 Heilsugæslan í Kópavogi sameinast Heilsugæslunni

Keypt húsið að Drápuhlíð 14-16 af Reykjavíkurborg og húsnæði Hlíðastöðvar þar með stækkað og starfsemi hennar aukin.

2001 Staða lækningaforstjóra sett á fót – staða héraðslæknis lögð niður – framkvæmdastjórn verður til í núverandi mynd – tilfærsla fjárveitingar og kostnaðar frá héraðslæknisembætti til Heilsugæslunnar.

2002 Heilsugæslutöð Grafarvogs flyst í nýtt húsnæði í Spönginni – stækkun úr ca. 5 í 10 lækna stöð.

Miðstöð heimahjúkrunar tekur til starfa.

Stefnumótun Heilsugæslunnar lokið – innleiðing hefst.

Kostnaður við læknisfræðilegar rannsóknir er fluttur frá Tryggingastofnun til Heilsugæslunnar. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða.

Komið upp miðstöð sjúkraskráa Heilsugæslunnar í Heilsuverndarstöðinni – ljósleiðarasamband við allar stöðvar og skóla.

Vottorðadeila heilsugæslulækna og Htr. – leysist með kjaranefndarúrskurði í október – lækna fá umtalsverða launahækkun.

2003 Tekið upp stefnumiðað árangursmat.

Sérstök unglingamóttaka hafin á nokkrum heilsugæslustöðvum.

2004 Ný heilsugæslustöð tekur til starfa í Salahverfi í Kópavogi – einkarekin.

Geðteymi v. barna og unglinga Grafarvogi tók til starfa 1. desember 2004. Þar starfa sálfræðingur, félagsráðgjafi og iðjuþjálfari.

Heilsugæslan skilar 40 m.kr. afgangi af starfsemi sinni (samanlagðir fjárlagaliðir sem Heilsugæslan í Reykjavík bar ábyrgð á)

2005 Geðheilsa – eftirfylgd/iðjuþjálfun Verkefnið hófst sem tilraunaverkefni í samstarfi Heilsugæslunnar og TR. Tilraunin þótti gefast mjög vel og hefur verkefnið fengið stöðu til frambúðar innan Heilsugæslunnar og þar starfa tveir geðiðjuþjálfar og einn sálfræðingur. Það er til húsa að Bolholti 4.

Geðteymi í heimhjúkrun tók til starfa.

Heilsugæsla í framhaldsskólum – tilraunaverkefni í MR og Borgarholtsskóla. Fyrir var slík þjónusta í MK, MH og í Kvennaskólanum.

Húsnæði Heilsuverndarstöðvainnar selt. Leit hefst að nýju húsnæði fyrir stjórnsýslu og miðstöðvar Heilsugæslunnar.

Heilsugæslan skilar 50 m.kr. afgangi af starfsemi sinni (samanlagðir fjárlagaliðir sem tilheyra Heilsugæslu höfðborgarsvæðisins og eru nú sameinaðir í lið 506) Uppsafnaður halli fyrri ára er þó enn um 170 m.kr..

2006 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu sameinuð í eina stofnun, Heilsugæslu höfðborgarsvæðisins.

Heilsugæslan Fjörður í Hafnarfirði tekur til starfa, 6 lækna strax á fyrsta starfsári.

Heilsugæslan Glæsibæ tekur til starfa og þjónar Voga- og Heimahverfi í Reykjavík. Stöðin starfar með 3 læknum og 4. staðan hefur verið auglýst frá 1. janúar 2007.

Sjúkrahústengd heimahjúkrun tekur til starfa í samstarfi LSH og Heilsugæslunnar. Kostnaður áætlaður um 70 m.kr. á ári.

Miðstöð Heilsugæslunnar (stjórnsýsla og miðstöðvar) flyst í Mjódd.



## Minnisblað

Efni: Húsnæðispörf heilsugæslustöðvanna á höfðuborgarsvæðinu, þörf á stækkun eða nýrri stöð

### **Forgangur 1 (Nánast vandræðaástand vegna þess hve stækkun hefur tafist)**

#### **Árbær**

Tafir hafa orðið á auglýsingu eftir húsnæði – húslýsing var tilbúin fyrir allnokkru. Íbúar á svæðinu voru um síðustu áramót 13.164 og fjölgar ört, einkum í Grafarholti og Norðlingaholti. Smæð stöðvarinnar veldur því miklum vandræðum, en húsnæðið er 612,8 m<sup>2</sup> með viðbót sem tekin var á leigu um síðustu áramót. Læknar á stöðinni eru 6 en þyrftu miðað við mannfjölda nú að vera 9. Fyrirhugað húsnæði er 1500 m<sup>2</sup> og nægir það fyrir 10 lækna stöð eða u.þ.b. 15 þúsund manna hverfi eða rúmlega það.

#### **Miðbær (Reykjavík)**

Flutningur í stærra húsnæði – hefur lengi verið nr. 2 í forgangs röð, en undirbúningur er ekki hafinn meðan beðið er eftir Árbæ. Stöðin er nú í 519m<sup>2</sup> húsnæði á horni Garðastrætis og Vesturgötu og hefur sóst eftir auknu húsnæði í því húsi, en að er að öðru leyti í eigu Reykjavíkurborgar. Stjórnendur stöðvarinnar hafa undanfarið átt viðræður við borgaryfirvöld til að freista þess að fá meira húsnæði á staðnum. Takist það mun það geta seinkað flutningi stöðvarinnar um e.t.v. 3-4 ár. Á stöðinni starfa nú 6 læknar í 5 stöðugildum. Íbúar á svæðinu voru um síðustu áramót 13.131 og ætla má, ef mið er tekið af skipulagáformum að þeim fjölgi á næstu árum. Rétt er þó að hafa í huga að talsvert af skjólstaðingum sjálfstætt starfandi heimilislækna eru á svæðinu. Stöðin þyrfti að geta hýst um það bil 8 - 10 lækna, auk annarrar starfsemi og því vera u.þ.b. 1200 - 1500m<sup>2</sup>.

### **Forgangur 2 (Þörf á stækkun, eða nýrri stöð á næstu 1-3 árum, jaðrar við vandræðaástand)**

#### **Mosfellsbær – stækkun (ný stöð síðar)**

Stöðin er í 851m<sup>2</sup> húsnæði í miðbæ Mosfellsbæjar. Unnt er með alllögum fyrirvara að fá viðbótarhúsnæði í sama húsi, sem gæti frestað frekari stækkun (þ.e. flutningi í stærra húsnæði), eða viðbótar stöð um einhver ár. Þjónustusvæði stöðvarinnar nær yfir Mosfellsbæ, Kjalarnes, Kjós og Þingvallasveit. Íbúar á svæinu voru um síðustu áramót 8260 og fjölgar ört. Auk þess hefur stöðin til bráðabirgða sinnt þjónustu við íbúa Grafarholts vegna vanmáttar Árbæjarstöðvarinnar. Mikilvægt er að útvega umrætt viðbótarhúsnæði sem allra fyrst, en undirbúningur þess (flutningur þess sem nú er í húsnæðinu og standsetning) tekur líklega 1-2 ár.

### **Seltjarnarnes – stækkun, líklega í núverandi húsnæði**

Stöðin er í 1030 m<sup>2</sup> húsnæði, en þar starfa nú 9 lækmar. Ef tekið er mið af öðrum stöðvum og fjölda starfsfólks þyrfti stöðin að hafa um 1300 m<sup>2</sup>, auk þess að mögulegt þarf að vera að bæta 10. læknum við. Íbúar á svæðinu, sem nær yfir Seltjarnarnes og hluta af Vesturbæ Reykjavíkur var um síðustu áramót 15.122. Mikil þrengsli eru þegar farin að há starseminni. Unnt er að fá aukið húsnæði á 2. hæð hússins, en einnig mætti kanna hvort unnt er að byggja við það. Mikill viðhaldskostnaður er framundan en ástand hússins er mjög slæmt, og svo mjög að leki veldur miklum vandræðum, einkum í Tónlistarskólanum á 2. hæð.

Stækkun húsnæðisins og viðhald þolir ekki mikla bið.

### **Mjódd – stækkun, ef unnt er að auka við húsnæðið, annars flutningur í stærra**

Íbúar á svæði stöðvarinnar, sem er Neðra-Breiðholt og Seljahverfi voru um síðustu áramót 12.114. Lækmar við stöðina eru 6 og húsnæðið er 759m<sup>2</sup>. Þar eru því talsverð þrengsli, auk þess sem fjölga þyrfti læknum um 1-2 (auk annars starfsfólks). Mörk þjónustusvæða stöðvanna í Efra-Breiðholti og Mjódd eru reyndar nokkuð óljós, fólk í Breiðholti sækir þjónstu til þessara stöðva að nokkru leyti án tillits til þess á hvoru þjónustusvæðinu það á heima.

Einnig er þörf á endurbótum á loftræstingu í húsinu, en yfirbygging göngugötunnar á sínum tíma skerti mjög loftræstingu húsnæðisins.

### **Garðabær – stækkun ef mögulegt, annars ný stöð**

Íbúar í Garðabæ voru um síðustu áramót 9.443, en húsnæði stöðvarinnar er tæplega 1000m<sup>2</sup>. Lækmar eru 6 í u.þ.b. 5,5 stöðum. Það má því segja að húsnæðið nægi eins og er, en fjölgun er ör og ætla má að stækkun, eða ný stöð þurfi að koma til eftir 2 – 3 ár. Líklega er ekki unnt að fá meira húsnæði á núverandi stað, en opnast slíkt tækifæri þyrfti að grípa það, því staðsetningin er góð og stærðarhagkvæmni er talsverð í starfsemi heilsugæslustöðva. Mikil þörf er hins vegar á nýrri læknisstöðu.

### **Forgangur 3 (Þörf á stækkun, eða nýrri stöð á næstu 2-4 árum)**

#### **Grafarvogur**

Heilsugæslan á lóð við Hverafold og fyrrverandi heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) lofaði íbúasamtökum Grafarvogs að þar yrði reist önnur stöð fyrir miðjan þennan áratug. Hins vegar hægði á fjölgun í hverfinu um tíma og því hefur ekki þótt ástæða til að standa við þetta fyrirheit. Skipulagsáform taka nokkuð tíðum breytingum og því hefur verið erfitt að áætla þetta. Þó er líklegt að eftir 2-4 ár þurfi ný stöð að koma til, annað hvort á lóðinni við Hverafold eða annars staðar í hverfinu. Núverandi stöð í Spönginni er ekki fullnýtt enn, en hún var ætluð 10 læknum auk annars starfsliðs, en lækmar eru þar nú 9 og þegar orðin þörf fyrir þann 10.

**Ný stöð í Úlfarsfellsdal**

Verði uppbygging í Úlfarsfellsdal eins og áform hafa verið um þarf fljótlega að huga að heilsugæslustöð þar.

**Ný stöð í Hafnarfirði**


Uppbygging á Völlum í Hafnarfirði er furðu hröð og því þarf að huga að heilsugæslustöð þar, ekki þó ljóst á þessari stundu hversu fljótt hún þarf að koma til.

**Ný stöð í Mosfellsbæ**

Fjölgun í Mosfellsumdæmi, einkum í Mosfellsbæ og Kjalarnesi er það hröð að jafnvel þótt núverandi stöð verði stækkuð þarf einnig að huga að annarri stöð innan 2 – 4 ára.




### Höfuðborgarsvæðið aldursskipting 31.12.2004




#### Svæði Heilsugæslunnar alls

	Karlar	Konur	Samtals
0-4	6,813	6,597	13,410
5-9	6,597	6,399	12,996
10-14	6,959	6,650	13,609
15-19	6,727	6,513	13,240
20-24	6,630	6,717	13,347
25-29	7,371	7,393	14,764
30-34	7,348	7,010	14,358
35-39	6,593	6,418	13,011
40-44	6,727	6,862	13,589
45-49	6,722	6,618	13,340
50-54	5,807	5,980	11,787
55-59	5,187	5,088	10,275
60-64	3,782	3,988	7,770
65-69	2,705	2,905	5,610
70-74	2,485	2,898	5,383
75-79	2,057	2,785	4,842
80-84	1,337	1,970	3,307
85-89	644	1,151	1,795
90-94	202	472	674
95-99	36	125	161
100-104	5	12	17
105-109		1	1
	92,734	94,552	187,286


Seltjarnarnessvæði			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	530	501	1,031
5-9	514	476	990
10-14	576	512	1,088
15-19	532	547	1,079
20-24	574	658	1,232
25-29	651	673	1,324
30-34	548	587	1,135
35-39	469	496	965
40-44	497	537	1,034
45-49	547	551	1,098
50-54	461	520	981
55-59	403	408	811
60-64	263	321	584
65-69	207	224	431
70-74	185	244	429
75-79	161	247	408
80-84	126	176	302
85-89	49	109	158
90-94	7	28	35
95-99	1	6	7
100-104			
105-109			
	7,301	7,821	15,122




Miðbæjarsvæði			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	393	393	786
5-9	261	268	529
10-14	271	270	541
15-19	303	318	621
20-24	582	640	1,222
25-29	868	803	1,671
30-34	760	615	1,375
35-39	548	415	963
40-44	503	414	917
45-49	475	419	894
50-54	431	409	840
55-59	351	296	647
60-64	241	202	443
65-69	157	172	329
70-74	153	184	337
75-79	146	205	351
80-84	132	212	344
85-89	68	142	210
90-94	20	74	94
95-99	2	13	15
100-104		2	2
	6,665	6,466	13,131




Hlíðar			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	284	292	576
5-9	309	279	588
10-14	266	286	552
15-19	290	296	586
20-24	368	395	763
25-29	571	560	1,131
30-34	558	448	1,006
35-39	438	349	787
40-44	383	393	776
45-49	359	337	696
50-54	357	380	737
55-59	339	323	662
60-64	264	271	535
65-69	187	215	402
70-74	167	214	381
75-79	155	230	385
80-84	129	182	311
85-89	69	134	203
90-94	17	67	84
95-99	7	16	23
100-104		1	1
	5,517	5,668	11,185




<b>Lágmúli</b>			
	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Samtals</b>
0-4	242	220	462
5-9	205	227	432
10-14	242	222	464
15-19	230	211	441
20-24	198	222	420
25-29	259	271	530
30-34	276	285	561
35-39	236	241	477
40-44	231	247	478
45-49	229	226	455
50-54	172	202	374
55-59	155	160	315
60-64	123	153	276
65-69	88	116	204
70-74	139	177	316
75-79	133	195	328
80-84	86	150	236
85-89	32	63	95
90-94	6	17	23
95-99	1	5	6
100-104		1	1
	<b>3,283</b>	<b>3,611</b>	<b>6,894</b>




<b>Efstaleiti</b>			
	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Samtals</b>
0-4	292	310	602
5-9	320	311	631
10-14	379	327	706
15-19	373	357	730
20-24	322	320	642
25-29	315	297	612
30-34	312	299	611
35-39	314	332	646
40-44	365	345	710
45-49	361	433	794
50-54	358	355	713
55-59	319	327	646
60-64	241	281	522
65-69	201	227	428
70-74	229	277	506
75-79	216	328	544
80-84	141	274	415
85-89	85	112	197
90-94	28	45	73
95-99	2	6	8
100-104			
105-109		1	1
<b>Alls</b>	<b>5,173</b>	<b>5,564</b>	<b>10,737</b>




<b>Vogar og Heimar</b>			
	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Samtals</b>
0-4	283	265	548
5-9	301	260	561
10-14	280	280	560
15-19	287	260	547
20-24	293	299	592
25-29	348	336	684
30-34	315	319	634
35-39	311	285	596
40-44	304	330	634
45-49	303	303	606
50-54	290	302	592
55-59	215	220	435
60-64	184	214	398
65-69	136	134	270
70-74	160	226	386
75-79	173	245	418
80-84	129	237	366
85-89	104	189	293
90-94	45	103	148
95-99	6	35	41
100-104	1	4	5
	<b>4,468</b>	<b>4,846</b>	<b>9,314</b>




Mjódd			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	407	397	804
5-9	454	469	923
10-14	493	455	948
15-19	495	438	933
20-24	485	452	937
25-29	446	461	907
30-34	435	461	896
35-39	373	406	779
40-44	391	397	788
45-49	380	385	765
50-54	349	411	760
55-59	432	426	858
60-64	323	309	632
65-69	149	156	305
70-74	162	173	335
75-79	93	160	253
80-84	58	87	145
85-89	32	61	93
90-94	10	31	41
95-99	2	9	11
100-104	1		1
	5,970	6,144	12,114



Efra-Breiðholt			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	301	288	589
5-9	251	251	502
10-14	260	284	544
15-19	265	298	563
20-24	353	346	699
25-29	382	368	750
30-34	344	265	609
35-39	275	257	532
40-44	294	249	543
45-49	313	285	598
50-54	285	279	564
55-59	318	312	630
60-64	238	283	521
65-69	189	180	369
70-74	126	132	258
75-79	84	117	201
80-84	34	62	96
85-89	21	17	38
90-94	2	4	6
95-99			
100-104			
	4,335	4,277	8,612




Árbær*			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	600	580	1,180
5-9	488	501	989
10-14	480	461	941
15-19	494	429	923
20-24	483	518	1,001
25-29	560	540	1,100
30-34	586	541	1,127
35-39	446	431	877
40-44	447	476	923
45-49	488	480	968
50-54	452	428	880
55-59	366	365	731
60-64	246	258	504
65-69	198	174	372
70-74	145	146	291
75-79	108	100	208
80-84	45	55	100
85-89	17	19	36
90-94	7	4	11
95-99	1	1	2
100-104			
	6,657	6,507	13,164




\*Að meðtöldu Grafarholti


Grafarvogur			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	753	729	1,482
5-9	792	728	1,520
10-14	874	808	1,682
15-19	782	735	1,517
20-24	633	644	1,277
25-29	676	688	1,364
30-34	629	641	1,270
35-39	650	759	1,409
40-44	728	808	1,536
45-49	733	716	1,449
50-54	562	589	1,151
55-59	426	425	851
60-64	268	274	542
65-69	173	193	366
70-74	141	146	287
75-79	95	113	208
80-84	53	50	103
85-89	21	37	58
90-94	7	11	18
95-99		7	7
100-104			
	8,996	9,101	18,097




Mosfellssumdæmi			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	357	309	666
5-9	359	362	721
10-14	397	378	775
15-19	320	304	624
20-24	287	256	543
25-29	251	270	521
30-34	319	331	650
35-39	323	321	644
40-44	335	333	668
45-49	315	289	604
50-54	245	235	480
55-59	252	252	504
60-64	193	176	369
65-69	111	100	211
70-74	67	59	126
75-79	44	38	82
80-84	23	16	39
85-89	8	16	24
90-94	1	5	6
95-99		2	2
100-104	1		1
	4,208	4,052	8,260




Kópavogur			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	1,059	977	2,036
5-9	993	944	1,937
10-14	997	959	1,956
15-19	936	932	1,868
20-24	840	839	1,679
25-29	939	955	1,894
30-34	1,012	1,017	2,029
35-39	1,002	936	1,938
40-44	950	955	1,905
45-49	970	938	1,908
50-54	801	848	1,649
55-59	706	696	1,402
60-64	526	555	1,081
65-69	397	518	915
70-74	407	469	876
75-79	342	445	787
80-84	195	215	410
85-89	64	114	178
90-94	25	24	49
95-99	4	10	14
100-104			
	13,165	13,346	26,511




Kópavogur, Hamraborg			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	286	270	556
5-9	303	268	571
10-14	362	322	684
15-19	364	344	708
20-24	353	320	673
25-29	347	294	641
30-34	322	301	623
35-39	324	292	616
40-44	333	334	667
45-49	387	361	748
50-54	332	345	677
55-59	282	262	544
60-64	193	202	395
65-69	174	198	372
70-74	167	196	363
75-79	158	217	375
80-84	111	135	246
85-89	46	88	134
90-94	18	18	36
95-99	4	6	10
100-104			
	4,866	4,773	9,639




Kópavogur, Hvammur			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	359	332	691
5-9	357	321	678
10-14	378	365	743
15-19	390	394	784
20-24	324	331	655
25-29	335	367	702
30-34	344	341	685
35-39	314	325	639
40-44	360	399	759
45-49	394	396	790
50-54	310	316	626
55-59	242	243	485
60-64	186	193	379
65-69	125	189	314
70-74	148	183	331
75-79	126	183	309
80-84	63	66	129
85-89	16	23	39
90-94	7	5	12
95-99		2	2
100-104			
	4,778	4,974	9,752



Kópavogur, Salasvæði			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	414	375	789
5-9	333	355	688
10-14	257	272	529
15-19	182	194	376
20-24	163	188	351
25-29	257	294	551
30-34	346	375	721
35-39	364	319	683
40-44	257	222	479
45-49	189	181	370
50-54	159	187	346
55-59	182	191	373
60-64	147	160	307
65-69	98	131	229
70-74	92	90	182
75-79	58	45	103
80-84	21	14	35
85-89	2	3	5
90-94		1	1
95-99		2	2
100-104			
	3,521	3,599	7,120



Garðabær			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	321	330	651
5-9	341	327	668
10-14	376	366	742
15-19	407	389	796
20-24	308	279	587
25-29	252	239	491
30-34	272	270	542
35-39	307	326	633
40-44	360	383	743
45-49	370	373	743
50-54	325	337	662
55-59	297	295	592
60-64	228	252	480
65-69	188	190	378
70-74	155	168	323
75-79	103	115	218
80-84	60	73	133
85-89	22	20	42
90-94	6	10	16
95-99	1	2	3
100-104		1	1
105-109	1		1
	4,700	4,745	9,445



Hafnarfjörður og Álftanes			
	Karlar	Konur	Samtals
0-4	991	1,006	1,997
5-9	1,009	996	2,005
10-14	1,068	1,042	2,110
15-19	1,013	999	2,012
20-24	904	849	1,753
25-29	853	932	1,785
30-34	982	931	1,913
35-39	901	864	1,765
40-44	939	995	1,934
45-49	879	883	1,762
50-54	719	685	1,404
55-59	608	583	1,191
60-64	444	439	883
65-69	324	306	630
70-74	249	283	532
75-79	204	247	451
80-84	126	181	307
85-89	52	118	170
90-94	21	49	70
95-99	9	13	22
100-104	2	3	5
	12,297	12,404	24,701

